

- Ölfusá ásamt Arnarbæliseyjum, þaðan í vestur að Hrauni. (2) Ölfusforir eru víðáttumiklar, blautar engjar með miklu og fjölskrúðugu fuglalífi. Varmá hefur mikið vísindalegt gildi.
752. **Hengilssvæðið**, Ölfushreppi, Grafningshreppi, Árnassýslu. (1) Vatnasvið Grændals, Reykjadals og Hengladala ásamt Marardal og Engidal norðan Húsmúla. Að sunnan liggja mörk um Skarðsmýrarfjall, Orrustuhól og Hengladalsá að Varmá. (2) Stórbrotið landslag og fjölbreytt að jarðfræðilegri gerð, m.a. jarðhiti.
753. **Eldborgir við Lambafell**, Ölfushreppi, Árnassýslu. (1) Eldvörpin, hrauntraðirnar frá þeim ásamt hrauninu umhverfis. (2) Formfagar eldstöðvar frá sögulegum tíma.
754. **Eldborg undir Meitlum**, Ölfushreppi, Árnassýslu. (1) Gígurinn og næsta nágrenni hans. (2) Stór gjallgígur.
755. **Raufarhólshellir**, Ölfushreppi, Árnassýslu. (1) Raufarhólshellir í Leitahrauni á Hellisheiði. (2) Alllangur og merkur hellir í hrauni frá nútíma.
756. **Fjörumörk við Hjalla**, Ölfushreppi, Árnassýslu. (1) Malarkambur suðvestur af Hjalla í Ölfusi. (2) Minjar um sjávarstöðubreytingar í lok ísaldar, hnullungafjara í um 55 m h.y.s.
757. **Hafnarnes við Þorlákshöfn**, Ölfushreppi, Árnassýslu. (1) Svæðið sunnan byggðar í Þorlákshöfn vestur að Flesjum. (2) Útivistarsvæði í grennd við þéttbýli.
758. **Stakkavík**, Ölfushreppi, Árnassýslu. (1) Jörðin Stakkavík. (2) Á jörðinni er að finna allar helstu gerðir lífsamfélaga á Reykjanesskaga.

Með auglýsingu þessari sem öðlast þegar gildi, er felld úr gildi auglýsing um náttúruminjaskrá nr. 356 frá 5. júlí 1988.

Umhverfisráðuneytið, 11. október 1991.

Eiður Guðnason.

Páll Línadal.

GJALDSKRÁ

Orkubús Vestfjarða fyrir hitaveitur.

I. KAFLI

1. gr.

Orkubú Vestfjarða selur hitaorku úr veitukerfum þeim, sem gerð hafa verið og verða gerð, eftir þeim reglum, sem settar eru í gjaldskrá þessari.

2. gr.

Orkubú Vestfjarða lætur hverju húsi, sem er í sambandi við vatnsæðar þess, í té vatnsmagn, er ætla má að nægi til fullrar hitunar, enda séu ofnar hússins nægilega stórir, að dómi Orkubús Vestfjarða. Einnig lætur Orkubú Vestfjarða í té heitt vatn til hitunar neysluvatns.

II. KAFLI

3. gr.

Orkubú Vestfjarða selur heitt vatn í smásölu á þann hátt og við því verði sem hér segir:

Orka og vatnsmagn H490

Fastagjald	12 470,00 kr/ári
Orkugjald	2,63 kr/kWst
Rúmmetragjald	23,41 kr/m ³

Niðurgreiðsla ákveðin af iðnaðarráðuneytinu er kr. 0,99 á kWst og greiðist vegna allt að 30 000 kWst á ári, og að auki er veittur sérstakur afsláttur vegna sömu notkunar og er hann kr. 0,34 á kWst, eða samtals 1,33 kr/kWst. Sjá niðurgreiðslur í gjaldskrá Orkubús Vestfjarða fyrir raforku.

Orka og vatnsmagn H499

Til hitunar á öðru en íbúðarhúsnæði.

Fastagjald	12 470,00 kr/ári
Orkugjald	2,63 kr/kWst
Rúmmetragjald	23,41 kr/m ³

Vatnsmagn I480

Orkubúinu er heimilt að selja heitt vatn samkvæmt vatnsmæli eingöngu.

Fastagjald	12 470,00 kr/ári
Rúmmetragjald	122,00 kr/m ³

Orka H498

Orkubúi Vestfjarða er heimilt að selja heitt vatn um varmaskipti til þeirra er nota meira en 400.000 kWst/ári

Fastagjald	12 470,00 kr/ári
Orkugjald	1,70 kr/kWst
Rúmmetragjald	15,24 kr/m ³

Hemill I489.

Orkubúi Vestfjarða er heimilt að takmarka vatnsrennsli til húsa um stillanlega hemla. Orkubúið stillir hemil að ósk notanda og gildir hæsta stilling í eitt ár frá 1. september til 31. ágúst.

Fastagjald	22 849,00 kr/ári
Mínútlítragjald	2 416,00 kr/mán.

4. gr.

Gjaldldagi hitaveitugjalda er við framvísun reiknings eða tilkynningar um reikningsupphæð. Sé reikningurinn ekki greiddur við fyrstu sýningu, ber gjaldanda að greiða hann, þar sem orkubúið ákveður. Það eru vanskil, ef gjöldin eru ekki að fullu greidd innan 14 daga frá gjaldldaga.

5. gr.

Varðandi tengigjöld fyrir hitaveitur sjá heimtaugagjald í þéttbýli í gjaldskrá Orkubús Vestfjarða fyrir raforku (heimtaugagjöld í þéttbýli).

6. gr.

Gjald til greiðslu kostnaðar vegna vanskilainnheimtu og undirbúnings að lokun er kr. 806,00.

Pegar lokað hefur verið fyrir aðrennsli heita vatnsins til notanda vegna vanskila, skal gjald fyrir að opna á ný vera kr. 1 613,00.

7. gr.

Miðað skal við að kostnaður hitunar húsa með hitaveitu fari ekki fram úr kostnaði hitunar með rafmagni skv. gjaldskrá Orkubús Vestfjarða hverju sinni.

III. KAFLI

8. gr.

Öll gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari má taka lögtaki á kostnað húseiganda.

9. gr.

Orkubú Vestfjarða hefur rétt til að loka aðrennsli heita vatnsins að húsi eða íbúð viðskiptamanns, sem vanrækir að greiða hitaveitugjöld. Heimilt er að loka vatnsrennsli að húsi, sem hitaveitugjöld eru vangreidd af.

Fyrirætlun um að loka ber að tilkynna með 5 daga fyrirvara.

Eftirlitsmanni Orkubús Vestfjarða skal, hvenær sem er, frjáls aðgangur að öllum hemlum, mælum, hitagjöfum og vatnsæðum, sem eru í sambandi við veitukerfi Orkubús Vestfjarða. Er húseiganda skylt að hlíta tafarlaust fyrirmælum hans um viðgerðir á bilunum og sérhverjum ráðstöfunum til varnar gegn misnotkun á heita vatninu.

10. gr.

Hitun húsnæðis er undanþegin virðisaukaskatti.

Gjaldskrá þessi er hér með staðfest samkvæmt orkulögum nr. 58 frá 29. apríl 1967 og lögum nr. 66 31. ágúst 1976, til að öðlast gildi 1. október 1991 með vísan til auglýsingar ráðuneytisins nr. 452, 26. september 1991, og birtist til eftirbreytni öllum sem hlut eiga að máli. Jafnframt er úr gildi felld eldri gjaldskrá sama efnis nr. 140, 18. mars 1991.

Iðnaðarráðuneytið, 23. október 1991.

F. h. r.

Björn Friðfinnsson.

Steinunn Bjarman.

GJALDSKRÁ

Orkubús Vestfjarða fyrir raforku.

I. SMÁSALA.

Gjaldskrárlíðir.

Orkubú Vestfjarða selur raforku á þann hátt og við því verði, sem hér segir:

A.1 Almenn notkun.

Öll almenn notkun, svo sem heimilisnotkun, lýsing, smávélanotkun og öll önnur notkun ótalin annars staðar.

Orkugjald	6,48 kr/kWh
Fastagjald	3 311,00 kr/á ári